

**Mál nr. 25/2021****M og****V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á bifreiðastæði 15. janúar 2021.****Gögn.**

Málskot móttækið 18. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1 til nefndarinnar, dags. 5. febrúar 2021, ásamt tjónstilkynningu.

Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 8. febrúar 2021, ásamt tjónstilkynningu.

Bréf M, dags. 10. febrúar 2021.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðum A og B á bifreiðastæði við Krónuna á Akrabraut í Garðabæ þar sem báðum bifreiðum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins, þó þannig að bifreið B var ekið aftur á bak í hlið bifreiðar A. Í tjónstilkynningu vegna árekstursins kemur fram að bifreið A var ekið aftur á bifreiðastæðinu þar sem ökumaður hennar ætlaði að aka inn í stöðureit en bifreið B var ekið úr stöðureit á bifreiðastæðinu og þegar bifreið B lenti á bifreið A brá ökumanni bifreiðar B þannig að bifreið hennar var ekið áfram á þriðju bifreiðina. Vitni var að atburðinum sem lýsir atvikum þannig að hún hafi heyrt hljóð og séð að bifreið hafi verið í hlið annarrar og þeirri bifreið síðan inn í stöðureit og á aðra bifreið sem þar var fyrir.

M telur að hann hafi gætt nægrar varúðar þegar hann sjálfur sem ökumaður bifreiðar A ók aftur á bak og árekstur megi fyrst og fremst rekja til þess að bifreið B var ekið í hlið bifreiðar A. M bendir á að bifreið hans (A) hafi ekki verið ekið á bifreið B heldur öfugt.

V1 tekur undir með M og telur að m.v. framburð ökumanna og ákomur á bifreiðunum að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumaður hafi gætt nægilega að hátternisreglu 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að gæta varúðar þegar ekið er aftur á bak.

**Álit.**

Af framburðum ökumanna og vitnis í tjónstilkynningu verður ekki annað ráðið en ökumenn beggja bifreiða hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs og bar báðum að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig skv. fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Af sömu framburðum og með hliðsjón af myndum af bifreiðunum og ákomu í hlið bifreiðar A verður þó að telja aðgæsluskyldu ökumanns bifreiðar B hafa verið ríkari þar sem bifreið A var fyrir aftan bifreið B þegar árekstur varð en bifreið B ekki beint fyrir aftan bifreið A. Þannig verður af ákomu á bifreið A ráðið að ökumaður bifreiðar B hefði átt að gæta ríkari varúðar við akstur sinn aftur á bak og verður áreksturinn eingöngu rakinn til þess en ekki til aksturslags ökumanns bifreiðar A. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar B.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.